

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 2003

13. febrúar 2003

179

Nr. 84

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 543, 22. júlí 2002,
um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri.**

1. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo: Við veiðar á úthafsrækju fyrir Norðurlandi norðan 65°30'N, milli 12°V og 18°V, og sunnan 66°45'N, milli 18°V og 20°V, skal við rækjuveiðar nota net á legg í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar eða smárækjuskilju samkvæmt reglum þar um. Lágmarksmöskvastærð leggpokans á þessu svæði skal vera a.m.k. 40 mm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 15. febrúar 2003.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. febrúar 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

14. febrúar 2003

Nr. 85

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Borgartún 34-36.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartún 34-36.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Árbær, íþróttasvæði Fylkis.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði Fylkis í Árbæ.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gutenberg

Grjótháls 8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 5. nóvember 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grjótháls 8, vetnisstöð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 14. febrúar 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávar- og fiskeldisafurðum frá Kína.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn sjávar- og fiskeldisafurðir frá Kína sem nota á til manneðis eða sem dýrafóður.

2. gr.

Þrátt fyrir bannið í 1. gr. er heimilt að flytja inn eftirtaldar sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneðis eða dýrafóðurs:

1. Fiskafurðir, en þó ekki fiskeldisafurðir, ál eða rækju sem ekki er veidd í Atlantshafi.
2. Rækjur sem veiddar eru í Atlantshafi og hafa ekki hlotið neina aðra meðferð en frystingu og þökkun í endanlegar umbúðir á vinnsluskipi og landað beint á Evrópska efnahagssvæðinu.

3. gr.

Þrátt fyrir bannið í 1. gr. er heimilt að flytja inn eftirtaldar sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneðis eða dýrafóðurs, að því tilskyldu að á 20% hveðrar sendingar sé gert próf til að ganga úr skugga um að vörurnar séu ekki skaðlegar heilsu manna. Þessi próf eru gerð til að kanna leyfar lyfja, skordýraeiturs, mengunarvalda og annarra efna sem talin eru skaðleg heilsu manna.

1. Ferskvatnshumar.
2. Surimi sem framleitt er úr fiskafurðum sem innflutningur er heimill á samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 706, 11. október 2002, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. febrúar 2003.

F. h. r.

Kolbeinn Árnason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.